

## G J A L D S K R Á

### fyrir Rafveitu Gerðahrepps.

#### I. RAFORKA

Rafveita Gerðahrepps selur raforku á þann hátt og við því verði, sem hér segir:

#### A. Lýsing.

- 1.1. Um kWst.-mæli á 245 aur. hver kWst.
- 1.2. Um kWst.-mæli á 109,2 aur. hver kWst., auk fastagjalds, er nemi kr. 10,72 á ári af hverri einingu gólfflatar í rúmi því, sem lýsa skal. Fyrir verslanir, vinnustofur og skrifstofur skal reikna 1 fermetra í hverri einingu, en fyrir geymslur og ganga 3 fermetra.

#### B. Almenn heimilisnotkun.

- 2.1. Um kWst.-mæli á 61,5 aur. hver kWst.

#### C. Vélanotkun.

- 3.1. Um kWst.-mæli á 136,5 aur. hver kWst. Hafi vélarnar mjög stuttan notkunartíma, má krefjast minnsta árgjalds 244,83 kr. á hvert uppsett kW vélanna.
- 3.2. Til fiskiðnaðar, með fasttengdum vélum 55,9 aur. hver kWst.
- 3.3. Ef uppsett rafvélaafl fasttengdra véla við fisk-, kjöt- eða mjólkuriðnað er yfir 20 kW:
  - a. Um kWst.-mæli á 39,4 aur. hver kWst., enda megi rjúfa strauminn í allt að 3 klst. á dag, á tímum mesta álags rafveitunnar, um hádegið og síðdegis, en þó ekki lengur en 1½ klst. í senn. Notandi kosti klukkurofa fyrir vélalagnir eða tvígjaldsmæli, sem settur er til eftirlits með að rofið sé á tilsettum tíma.
  - b. Um tvígjaldsmæli á 233,4 aur. hver kWst. í 1½ klst. tvisvar sinnum á tímum mesta álags rafveitunnar, en þó ekki lengur en 1 klst. í senn, en 43,6 aur. hver kWst. utan þess tíma.
- 3.4. Um mæli á 505,70 kr. fyrir hvert kW. mesta notaðs afls á árinu, mælt sem 15 mínútna meðalálág og auk þess 26,6 aur. á notaða kWst.
- 3.5. Ef ekki eru tók á að mæla mesta notaða afl má selja þannig:
 

Um mæli á 330,32 kr. fyrir hvert uppsett kW. vélanna og auk þess kr. 26,6 aur. á notaða kWst. Ef fasviksstuðull er lægri en 0.85 getur rafveitan krafist af notanda að hann sé hækkaður upp í það gildi.

Heimilt er að banna notkun rafsuðuspenna og annarra straumfrekra tækja, sem valda truflunum og/eða takmarka notkun þeirra við tiltekinn tíma sólarhrings.

#### D. Hitun.

- 4.1. Um kWst.-mæli á 25,5 aur. hver kWst., án rofs.
- 4.2. Um kWst.-mæli á 14,2 aur. hver kWst., enda megi þá rjúfa strauminn í allt að 3 klst. á dag, á tímum mesta álags rafveitunnar, en þó eigi lengur en 1½ klst. í senn.
- 4.3. Um kWst.-mæli á 7,1 aur. hver kWst., í 9 klst. á tímanum frá kl. 22.00 til 08.00.

#### Önnur skilyrði fyrir raforkunotkun til hitunar.

- a. Að vélaafl, línur og spennar poli álagið að dómi rafveitustjóra.
- b. Rafveitan leggur til álagsstýringarrofa og annast viðhald þeirra. Kostar notandinn tengingu þeirra og greiðir leigu af þeim, samkvæmt reglum sem gilda um leigu mæla.

- c. Að hitalagnir, þar með talin öll tæki, séu gerð samkvæmt fyrirmælum rafveitunnar, ofnar fastengdir, með sérstökum rofum og hitastillir notaður.

### E. Önnur raforkusala.

- 5.1. Raforku til suðu má selja til gistihúsa, veitingahúsa, sjúkrahúsa og annarra slíkra staða, á 73,2 aur. hver kWst., enda sé notkunin mæld um sér mæli og suðutæki fasttengd.
- 5.2. Til nota fyrir vinnuljósagnir meðan á byggingu stendur, um kWst.-mæli á kr. 124,6 aur. hver kWst.
- 5.3. Til bókunarofna í brauðgerðarhúsum um kWst.-mæli á 17,9 aur. hver kWst. á tímanum frá kl. 22 til 8.30 og 55,8 aur. hver kWst. frá kl. 8.30 til kl. 22.
- 5.4. Til gatnalýsingar á 55,8 aur. hver kWst.

Alla rafmagnsnotkun, sem ótalin er og ekki kemst undir aðra liði þessarar gjaldskrár, skal selja eftir gjaldskrárlið A—1. Þegar sérstaklega stendur á, má rafveitustjóri þó að tilskildu samþykki rafveitustjórnar, veita afslátt frá gjaldskrárlið C—E (báðir meðtaldir) á orku, sem notuð er á sumrin, sé um aukningu frá vetrarnotkun að ræða. Ennfremur að selja orku eftir sérstökum samningi, sé það hagstætt vegna orkunýtingar rafveitunnar.

### F. MÆLALEIGUR

Rafveitustjóri ákveður stærð og gerð mælitækja, sem nota skal fyrir hverja veitu og er sú ákvörðun skuldbindandi fyrir notandann, sem skal greiða leigu af mælitækjum, sem hér segir:

1. Af einfasa mælum upp að 30 amp. .... kr. 3,61 pr. mán.
2. Af þrífasa mælum upp að 50 amp. .... — 4,26 pr. mán.
3. Af þrífasa mælum 50 til 200 amp. .... — 10,69 pr. mán.
4. Af þrífasa mælum yfir 200 amp. .... — 16,04 pr. mán.
5. Af álagstýringarliðum .... — 16,04 pr. mán.

Ef fundin eru óleyfileg eða of stór vör við skoðun, skal veitunni lokað tafarlaust og verður hún eigi enduropnuð fyrr en notandinn hefur greitt kr. 79,16 gjald á skrifstofu rafveitunnar. Ef lokað er fyrir veitu vegna vanskila, skal greiða á skrifstofu rafveitunnar, gjald fyrir enduropnun kr. 60,50.

### HEIMTAUGAGJÖLD

Heimtaugargjald skal greitt fyrir hverja heimtaug, er tengir húsveitu við veitukerfi og Rafveitu Gerðahrepps. Heimtaugargjaldið skal greitt við umsókn.

Heimtaugar greinast í aðalheimtaugar fyrir fullgerðar húsveitur og bráðabirgðaheimtaugar fyrir byggingastaði.

#### Aðalheimtaugar.

Heimtaugagjöld fyrir aðalheimtaugar skulu greidd samkvæmt eftirfarandi töflu:

Málstraumur/ málraun	Heimtaugargj. kr.	Yfirlengdargjald		
		Jarðstr. kr./m	Loftlína kr./stólpa	
63A	1-fasa	3 898,00	93,96	1 237,89
63A	3-fasa	4 207,00	112,53	1 545,17
100A	—	5 001,00	127,36	1 915,16
200A	—	8 070,00	Samkv. kostnaði	
315A	—	16 911,00	—	—
300kVA	—	23 479,00	—	—
500kVA	—	39 679,00	—	—
800kVA	—	62 671,00	—	—

**Bráðabirgðaheimtaugar.**

Heimtaugagjöld fyrir bráðabirgðaheimtaugar skulu greidd samkvæmt eftirfarandi töflu:

Málstraumur	Stofngjald	Lengdargjald <sup>1)2)</sup>	
		Jarðstrengur	Loftlína
63A 1-fasa	691,00	Sama og aðalheimtaugar	
63A 3-fasa	970,00	Sama og aðalheimtaugar	
100A 3-fasa	1 029,00	Sama og aðalheimtaugar	

A merkir málstraum stofnvara í amper.

kVA merkir málstraum spennis í kílóvoltamper, þegar um sér spennistöð er að ræða.

Telji rafveitustjóri að auka þurfi flutningsgetu heimtaugar eða spennis, skal notandi greiða mismun samkvæmt gjaldskrá. Sé nauðsynlegt eða hagkvæmara að setja upp spennistöð að mestu eða öllu leyti vegna eins notanda, skal hann leggja til lóð eða húsnaði fyrir spennistöðina, eftir því sem hagkvæmara þykir að dómi rafveitustjóra, vegna staðsetningar stöðvarinnar. Þegar lóð er lögð til er það rafveitunni gert að kostnaðarlausu og skal í öllu hlíta skilmálum rafveitunnar um stærð og staðsetningu stöðvarinnar. Þegar húsnaði er lagt til skal það fullnægja skilyrðum um gerð spennistöðvarhúsa, að dómi rafveitustjóra.

Gjaldskrá þessi gildir í skipulögðum hverfum. Sé um óskipulagt hverfi að ræða eða aðstæður óeðlilegar skal greiða heimtaugargjald samkvæmt kostnaðarreikningi. Helmingur heimtaugargjalds skal greiddur við umsókn, en síðari hlutinn áður en notkun hefst.

Gjaldskrá þessi, sem sett er samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923 og orku- lögum nr. 58 29. apríl 1967 staðfestist hér með til að öðlast gildi 2. janúar 1981, sbr. auglýsingu ráðuneytisins nr. 2, 1981 um breytingu á gjaldskráum rafveitna, og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá sama efnis frá 10. nóvember 1980.

*Iðnaðarráðuneytið, 24. febrúar 1981.*

F. h. r.

**Páll Flygenring.**

*Kristmundur Halldórsson.*

1) Lengd jarðstrengsheimtaugar reiknast í heilum metrum frá næsta útítengiskáp eða rofa í spennistöð að stofnvarkassa eða stofntengikassa í húsveitu.

Sjá eigandi húsveitu um lög frá útítengiskáp eða rofa í spennistöð að stofnvarkassa eða stofntengikassa húsveitu á sinn kostnað, greiði hann aðeins stofngjald, en annist þá sjálfur viðhald heimtaugarinnar.

2) Lengdargjald skal greitt fyrir hvern metra umfram 5 metra innan lóðarmarka í jarðstrengsheimtaug og fyrir hvern stólpa innan lóðarmarka í loftlínuheimtaug.